Reykjavik, 22. september 2001

Fréttatilkynning frá Samtökum áhugafólks um spilafíkn

Starfsemi Háspennu og HHÍ kærð til lögreglu

Samtök áhugafólks um spilafíkn hafa kært Happdrætti Háskóla Íslands (HHÍ) og Háspennu ehf. til lögreglu fyrir brot á ýmsum lögum um fjárhættuspil. Rekstur spilakassa Háspennu og ágóðinn sem hann skilar fyrirtækinu sé í engu samræmi við þær undanþágur sem HHÍ nýtur frá banni við fjárhættuspilum í atvinnuskyni.

Samtök áhugafólks um spilafíkn krefjast þess að lögregla rannsaki starfsemi Háspennu og HHÍ. Samtökin benda á að í þeim undanþáguákvæðum sem HHÍ starfar eftir felist engar heimildir til að útvista rekstrinum eða láta aðra sjá um hann, líkt og Háspenna gerir fyrir HHÍ. Virðist ljóst að reksturinn sé kominn langt út fyrir það sem lög heimila.

Þrátt fyrir þetta hefur Háspenna rekið spilakassa á vegum HHÍ í mörg ár og þannig haft ríflegar tekjur af starfsemi sem hugsanlega er bæði ólögmæt og refsiverð. Samkvæmt ársreikningi voru tekjur Háspennu vegna áranna 2018 og 2019 samanlagt um 345 milljónir króna. Á það er bent að rekstur Háspennu flokkist í fyrirtækjaskrá til fjárhættu-og veðmálastarfsemi. „Hlýtur að það vera einsdæmi að einkahlutafélag sé skráð opinberri skráningu vegna ólögmætrar og refsiverðrar starfsemi þegar félagið hefur enga undanþágu frá áðurnefndum ákvæðum almennra hegningarlaga,“ segir í kærunni.

Jafnframt árétta samtökin að samkvæmt lögum sé skýrt að öllum ágóða af rekstri HHÍ skuli einungis varið til að reisa og viðhalda byggingum háskólans auk skyldra verkefna. Hvergi er þar talað um að aðrir aðilar megi hafa persónulegan ávinning af rekstri spilakassa og því síður að þeir geti hagnast eftir því sem tekjur verða meiri.

Ýmsar greinar almennra hegningarlaga setja skorður við fjárhættuspilastarfsemi, til dæmis að refsivert sé að gera sér fjárhættuspil að atvinnu og láta fjárhættuspil fara fram í húsnæði sem viðkomandi hefur umráð yfir. Samtök áhugafólks um spilafíkn segja ljóst að tilgangur þeirra undanþága sem HHÍ nýtur hafi aldrei verið að heimila spilavítarekstur á Íslandi. Um leið leiki enginn vafi á því að rekstur spilakassanna falli undir rekstur Háspennu óháð því hvort HHÍ eigi kassana eða leigi.

Þess vegna krefjast samtökin þess að lögregla rannsaki þessi brot nánar og afli sérstaklega upplýsinga um samning Happdrættis Háskóla Íslands við Háspennu um rekstur spilakassa. Komi í ljós að starfsemin feli í sér refsiverða háttsemi skuli stöðva hana án tafar.

Samtök áhugafólks um spilafíkn,
SÁS